

# Ársskýrsla 2016

## Efnisyfirlit

<b>1.0 Framkvæmd</b> .....	<b>1</b>
<b>2.0 Stjórnarnefnd</b> .....	<b>2</b>
<b>3.0 Samningar um landsaðgang</b> .....	<b>4</b>
<b>4.0 Þjónusta</b> .....	<b>7</b>
<b>5.0 Kynningarstarfsemi og fræðsla</b> .....	<b>7</b>
<b>6.0 Notkun</b> .....	<b>8</b>
<b>7.0 Yfirlit</b> .....	<b>10</b>

*LANDSAÐGANGUR að rafrænum áskriftum* er upplýsingaveita fyrir Ísland.

Allir sem tengjast netinu í gegnum íslenskar netveitur hafa aðgang að þeim gagnasöfnum, rafrænu tímaritum og rafbókum sem eru í áskrift á vegum Landsaðgangs.

Á vefnum [hvar.is](http://hvar.is) er að finna upplýsingar um Landsaðgang, s.s. upplýsingar um áskriftir og þar eru tenglar í leitarvélar birgja, notkunartölur og upplýsingar um greiðendur. Þá er á vefnum leitargluggi fyrir samleit í gegnum [leitir.is](http://leitir.is) að efni Landsaðgangs og efni í opnum aðgangi. Á vefnum eru einnig upplýsingar um íslensk gagnasöfn, tenglar í séráskriftir íslenskra háskóla, fréttir af starfsemi Landsaðgangs, tilkynningar um viðburði og krækja á fésbókarsíðu (Facebook) Landsaðgangs. Vefsíðan er einnig á ensku.

### 1.0 FRAMKVÆMD

Skv. lögum um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn (Lbs-Hbs) nr. 142/2011 er það verkefni safnsins að efla aðgang að erlendum gögnum í þágu vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs. Það er meðal annars gert með því að annast framkvæmd samninga um Landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum, tímaritum og bókum í samráði við helstu hagsmunaaðila. Í skýrslu innviðanefndar Vísinda- og tækniráðs, *Vegvísir um innviði til rannsóknna* (2009) er Landsaðgangur skilgreindur sem rannsóknainnviður (research infrastructure), en það eru tæki, aðstaða, gagnagrunnar, þjónusta, kerfi, tölvunet eða annað sem talist getur nauðsynlegt eða ómissandi fyrir iðkun vísinda.

Á fjárlögum ársins 2016 var úthlutað 41,3 milljónum kr. til Landsaðgangs. Það fé rennur til rekstrar verkefnisins og til niðurgreiðslu á samningum við birgja samkvæmt ákvörðun stjórnarnefndar. Sérstakt framlag ríkissjóðs 2016 var 88,5 milljónir kr.

Heildarkostnaður við Landsaðgang á árinu 2016 var 238,7 milljónir, þar af 16,5 milljónir í rekstur en áskriftir kostuðu 219,8 milljónir.

Árlega er einhver hluti útsendra reikninga ekki greiddur. Reynt er að innheimta þá eða semja um greiðslur, en þar sem engir formlegir samningar eru milli greiðenda og

Landsaðgangsins, er erfitt að halda innheimtunni til streitu. Á árinu voru afskrifaðir, með heimild Ríkisendurskoðunar, reikningar frá árinu 2012, alls 1,4 milljónir kr.

Umsjónarmaður Landsaðgangs síðan 2008 er Birgir Björnsson. Störf hans felast m.a. í samskiptum við birgja, hann þjónustar notendur og greiðendur, sér um kynningu og kennslu, uppfærir íslenskar IP-tölur, er ritstjóri vefsins hvar.is, er í samstarfi við starfsfólk Landskerfis bókasafna vegna lýsigagna og efnis Landsaðgangs, tekur þátt í störfum nefnda og hópa Landskerfis bókasafna eftir því sem við á og hefur umsjón með og stýrir vinnu rýnihópa um málefni Landsaðgangs. Nokkrir aðrir starfsmenn Lbs-Hbs koma að ýmsum verkefnum tengdum Landsaðgangi s.s. samningagerð, gerð greiðsluáætlana, innheimtu, fjárumsýslu og vefmálum. Þessi störf samsvara yfirleitt um tveimur ársverkum í safninu.

## 2.0 STJÓRNARNEFND

Fimm manna stjórnarnefnd er landsbókaverði til ráðgjafar en í henni sitja fulltrúar helstu greiðenda. Hlutverk stjórnarnefndarinnar er að:

- a) taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku um val á rafrænum áskriftum í Landsaðgangi,
- b) ákveða kostnaðarskiptingu milli notendahópa á hverju ári, að teknu tilliti til hugsanlegra breytinga á högum hveirrar stofnunar,
- c) gera árlega fjárhagsáætlun um innkaup og kostnaðarskiptingu og skal sú áætlun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi ár,
- d) taka þátt í og/eða fylgjast með samningagerð við birgja.

Stjórnarnefndin hélt 6 fundi á árinu. Auk þess tóku nefndarmenn þátt í kynningarfundum á vegum birgja. Nefndin starfar eftir erindisbréfi frá 8. júní 2007.

Stjórnarnefnd var síðast tilnefnd á ársfundi 2010. Í stjórnarnefnd 2016 voru Anna Sveinsdóttir, varamaður Ásdís H. Hafstað, Baldvin Zarióh, varamaður Jenný Bára Jensdóttir, Guðrún Tryggvadóttir, varamaður Astrid Margrét Magnúsdóttir, Pálína Magnúsdóttir, varamaður Þóra Sigurbjörnsdóttir og Sólveig Þorsteinsdóttir, varamaður Anna Sigríður Guðnadóttir. Guðrún Tryggvadóttir hætti í stjórnarnefnd um mitt árið þegar hún lét af störfum við Háskólann í Reykjavík og ekki hefur verið skipað í hennar stað.

### **Verkefni stjórnarnefndar**

Stjórnarnefnd samþykkti fjárhagsáætlun Landsaðgangs 2016 og gekk frá greiðsluskiptingu fyrir árið 2016. Meðal annarra verkefna má nefna umfjöllun um tilboð og samþykkt samninga, breytingar á tímaritalistum, eftirlit með innheimtu og greiðslum, umfjöllun um notkun efnis í Landsaðgangi og samskipti við birgja, auk þess sem rætt var um opinn aðgang og þróun á sölu rafræns efnis. Á árinu tók stjórnarnefnd þátt í samningaviðræðum við Elsevier um kostnaðan landsaðgang að tilvísanagagnasafninu Scopus sem hefst í ársbyrjun 2017.

Landsaðgangur hefur verið þátttakandi í ICOLC (International Coalition of Library Consortia) síðan 2009 og hefur aðgang að póstlista samtakanna. Samtökin hafa birt staðlaðan samning, *Liblicense Model License Agreement*, sem samlög og bókasöfn geta notað sem fyrirmynd við samningagerð. Þá er Landsaðgangur aðili að COUNTER (Counting Online Usage of Network Electronic Resources) síðan 2010 og hefur aðgang að upplýsingaveitum samtakanna. Samtökin hafa haft frumkvæði að þróun samnefndra staðla um talningu á notkun rafræns efnis. Óskað er eftir að þeir útgefendur sem skipt er við noti COUNTER staðalinn.

### **Þátttaka í SCOAP3**

Landsaðgangur hefur einnig verið þátttakandi í SCOAP3 (Sponsoring Consortium for Open Access Publishing in Particle Physics) frá 2015, en það er verkefni um opinn aðgang að greinum í tíu tímaritum á sviði kjarneðlis-öreindafræði og er á vegum CERN stofnunarinnar í Sviss. Samþykkt var að halda áfram þátttöku í SCOAP3 vegna tímabilsins 2017-2019. SCOAP3 greiðir fyrir birtingu í opnum aðgangi í tímaritunum tíu. Reikningar frá útgefanda til greiðenda lækka. Mismunurinn er greiddur í sjóð SCOAP3. Með þátttöku Landsaðgangs í SCOAP3 falla niður greiðslur vegna greina frá íslenskum höfundum eða greina sem eru unnar á vegum íslenskra stofnana. Árið 2016 lækkaði áskriftarkostnaður vegna tímaritanna, *Journal of High Energy Physics*, *European Physical Journal C* frá Springer og ritanna *Nuclear Physics B* og *Physics Letters B* frá Elsevier. Lækkunin rann til SCOAP3 verkefnisins. Ekki er um sparnað að ræða heldur er litið á þátttöku í SCOAP3 sem stuðning vegna þróunar á opnum aðgangi að niðurstöðum vísindarannsókna.

### **Samningar vegna 2017 og síðar**

Áskrift var endurnýjuð til árs við ProQuest vegna ProQuest Central og gagnasafnanna Social Science Premium Collection og SciTec Premium Collection, en nafninu var breytt í árslok, þau hétu áður Complete Cambridge Science Collection. Þá var endurnýjuð til árs áskrift að EBSCOhost Premier gagnasöfnunum frá Ebsco. Í lok árs var ekki búið að ganga frá samningi vegna 2017 við Sage vegna Premier 2016. Samningar tókust við Springer vegna 2016-2018 og fjölgar tímaritatitlum um 300. Samið var við Wiley um endurnýjun vegna 2016-2018 og bætast 27 tímaritatitlar við áskriftina sem sárabætur vegna rangra notkunartalna. Í lok ársins náðist samkomulag við Elsevier vegna kostaðs landsaðgangs að tilvísanagagnasafninu Scopus og er samningurinn vegna 2017-2021. Þær stofnanir sem að greiða fyrir landsaðganginn eru; Landspítali-Háskólasjúkrahús, Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskóli Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafrannsóknarstofnun, Krabbameinsfélagið, Náttúrustofa Kópavogs og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Náið verður fylgst með notkun á Scopus með það í huga að fjölga greiðendum í samlagi um kostunaraðila.

### 3.0 SAMNINGAR UM LANDSAÐGANG

Landsaðgangi að gagnasöfnunum Oxford Music Online var hætt í upphafi árs 2016, en gengið var frá stofnanaaðgangi til árs fyrir Bókasafn Hafnafjarðar, Safnadeild RÚV, Bókasafn Listaháskóla Íslands og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Aðgangur að öðrum gagnasöfnum er óbreyttur.

#### *Gagnasöfn:*

- Encyclopedia Britannica (School edition og Academic edition)
- Greinasafn Morgunblaðsins - með 3ja ára birtingartöf
- Web of Science

Encyclopedia Britannica er safn greina sem að grunni til eru úr eldri prentuðum alfræðiritum og með síðari tíma viðbótum á vef. Web of Science er tilvísanasafn og sýnir útdrátt og bókfræðilegar upplýsingar um greinar í vísindatímaritum. Hægt er að sækja heildartexta greina með SFX krækjuckerfinu þegar aðgangur er að grein í gagnasafni eða tímaritasafni í Landsaðgangi. Einnig er hægt að komast í tilvísandi greinar í Web of Science með krækjuckerfi Google Scholar.

#### *Samsöfn:*

- EBSCOhost Premier
  - Academic Search Premier (16.771 titlar, þar af 4.484 í fullum texta)
  - Business Source Premier (6.209 titlar, þar af 2.188 í fullum texta)
  - MasterFile Premier (2.689 titlar, þar af 1.639 í fullum texta)

Fjöldi titla í fullum texta í EBSCOhost er 8.311 en áætlað 5.541 þegar búið er að taka tillit til tvítaka.

- ProQuest Central (19.392 titlar, þar af 12.661 í fullum texta)

Samsöfn eru söfn tímarita og annars rafræns efnis frá mörgum útgefendum. EBSCOhost og ProQuest gera samninga við útgefendur af öllu tagi og safna saman aðgangsréttindum í stóra pakka. Innan sviga er fjöldi titla í lok árs 2016. Við því er að búast að aðgangur að greinum í fullum texta sé með birtingartöf sem oftast er frá einum mánuði að einu ári. Nokkur skörun er milli EBSCO safnanna og ProQuest Central.

#### *Tímaritasöfn:*

- Elsevier Freedom Collection, 2.263 tímaritatitlar í áskrift
- Karger Complete Collection, 85 tímaritatitlar í áskrift
- Sage Premier 2016, 805 tímaritatitlar í áskrift
- Springer áskriftarpakki, 1.593 tímaritatitlar í áskrift
- Wiley áskriftarpakki, 732 tímaritatitlar í áskrifts

Tímaritasöfn innihalda aðallega tímarit frá einum útgefanda, en auk þess geta verið með nokkur tímarit frá öðrum útgefendum. 300 tímaritatitlar bættust við áskriftarpakkann frá Springer. Þar var um að ræða tímarit sem ekki var aðgangur að í gegnum Landsaðgang, en sem notendur höfðu ítrekað reynt að komast í (turnaways). Þá bættist við 171 titill hjá Sage, þegar uppfært var í Premier 2016 í upphafi árs.

Í lok árs 2016 var aðgangur að fullum texta 5.478 tímarita í s.k. tímaritasöfnum. Talsverð skörun er á milli samsafnanna EBSCOhost Premium og ProQuest Central og einnig við tímaritasöfn en ætla má að aðgangur hafi verið að um 17 þúsund tímaritatitlum hjá EBSCOhost og ProQuest. Þegar búið er að taka tillit til áætlaðrar skörunar á milli samsafnanna og tímaritasafna má gera ráð fyrir að í Landsaðgangi hafi verið aðgangur að texta tæplega 22 þúsund tímarita.

#### *Rafbókasöfn:*

- Springer Link
  - Biomedical and Life Sciences (1.705 titlar)
  - Business and Economics (1.440 titlar)
  - Computer Science (3.201 titlar)
  - Earth and Environmental Science (1.163 titlar)
  - Humanities, Social Sciences and Law (2.379 titlar)

Í upphafi árs 2013 var gerður samningur til þriggja ára við Springer um árleg kaup til eignar á um 3 þús. rafbókatitlum og rann hann út í lok ársins. Notendur geta hlaðið rafbókunum niður í tölvutæki sín og vistað þar svo lengi sem þeir kjósa. Í árslok 2016 var aðgangur að 9.888 rafbókartitlum sem keyptir, voru en auk þess er nokkur fjöldi rafbóka í opnum aðgangi

Kostnaður við áskriftir var 219,8 milljónir kr., þar af 45,9 milljónir kr. fyrir gagnasöfn og 173,9 milljónir kr. fyrir tímaritasöfn. Framlag af fjárlögum til Landsaðgangs var 41,3 milljónir kr. en þar af var 26,3 milljónum kr. varið til greiðslu á aðgangi. Framlag um 200 greiðenda var um 124,9 milljónir kr. Sérstakt framlag ríkissjóðs var 88,5 milljónir kr. Stærstu greiðendur eru háskóla-, heilbrigðis- og önnur rannsóknabókasöfn. Þau greiða stærsta hluta tímaritasafnanna (Elsevier, Karger, Sage, Springer og Wiley), aðgang að Web

of Science og stóran hluta samsafna. Almenningsbókasöfn, framhaldsskólasöfn, stjórnsýslusöfn, fyrirtæki og samtök greiða hluta aðgangs að samsöfnum (EBSCOhost Premier og ProQuest Central) og aðgang að gagnasöfnum (Encyclopedia Britannica og greinasafn Morgunblaðsins) ásamt háskólabókasöfnum.

#### *Kostuð gagna- og greinasöfn:*

Fyrir utan hinn eiginlega Landsaðgang er aðgangur á öllu landinu að gagnasöfnum fyrir tilstilli aðila sem kosta þau. Greiðslur vegna þeirra eru ekki teknar með í tölum um kostnað við Landsaðgang og það sama á við um tölur um notkun. Í lok árs 2016 ákváðu Háskólinn í Reykjavík og Verkfræðideild Háskóla Íslands að endurnýja ekki áskrift að verkfræðisafninu ASCE vegna 2017. Þá tókust samningar við Elsevier vegna kostaðs landsaðgangs að Scopus og hefst hann 1. janúar 2017.

#### **Kostuð gagna- og greinasöfn:**

- ASCE og EiVillage (Compendex)
- OVID
- Journal Citation Reports

#### **Aðilar sem kosta aðganginn:**

Verkfræðideild Háskóla Íslands, Háskólinn í Reykjavík, EFLA, Landsvirkjun, Mannvit, Orkuveita Reykjavíkur og VERKÍS. Landspítali - Háskólasjúkrahús, Landlæknir, Háskólinn á Akureyri og Sjúkrahúsið á Akureyri. Háskóli Íslands

#### *Opinn aðgangur (OA):*

Á vef Landsaðgangsins, hvar.is, eru krækjur á gagnasöfn og ýmislegt efni sem er opnum aðgangi (Open Access - OA). Þar eru einnig tenglar á rit sem hafa verið í áskrift í Landsaðgangi en eru nú í opnum aðgangi. Þá var krækja í Tímaritaskrá Landsaðgangs (krækjakerfi SFX) að um 8.854 tímaritum í opnum aðgangi hjá DOAJ (Directory of Open Access Journals).

Sífelld færir í vöxt að greitt sér fyrir birtingu greina í opnum aðgangi í venjulegum tímaritum (Gold Open Access - GOA), auk þess sem talsvert af tímaritum í opnum aðgangi eru í tímaritapökkum. Frá árinu 2013 hafa útgefendur tekið saman upplýsingar um birtingar skv. gullnu leiðinni og ljóst er að þeim fjölgar verulega milli ára. Það er eitt af verkefnum Landsaðgangs að fylgjast með birtingu greina í opnum aðgangi, gæta að því að ekki sé tvígreitt fyrir slíkar greinar og að skoða notkun á efninu, sem hefur aukist.

## 4.0 ÞJÓNUSTA

Á vefnum hvar.is er yfirlit um þjónustu Landsaðgangsins. Þar er aðgangur að efni í áskrift og upplýsingar um starfsemina. Að auki eru tenglar á gagnasöfn í opnum aðgangi (OA) og rafrænar orðabækur í opnum aðgangi.

Efni í landsaðgangi er leitarbært og aðgengilegt eftir ýmsum leiðum, s.s. beint frá leitarvélum og vefsíðum birgja, frá vefjum bókasafna, skóla eða annarra stofnana, frá gegnir.is og leitir.is, gegnum skrána *Finna tímarit* á landsbokasafn.is, með leitarvélum eins og Google og Google Scholar, en í gegnum krækjukerfi þeirra er einnig hægt að komast í greinar í Landsaðgangi. Þá hafa notendur möguleika til að nálgast efni í gegnum ýmis snjalltæki og geta sótt smáforrit eða öpp fyrir einstök gagnasöfn til að nota í snjallsímum og spjaldtölvum. Markmiðið er að auðvelda notendum að nálgast efni Landsaðgangs og að það sé aðgengilegt sem víðast.

### Verkefnaáætlun – 2016

Á vegum Lbs-Hbs er unnið að árlegum verkefnaáætlunum og tekur umsjónarmaður þátt í því starfi. Þar eru sett fram verkefni sem falla að stefnu safnsins og átaksverkefni sem teljast til daglegra starfa. Á árinu 2016 tók umsjónarmaður þátt í:

- starfi rafgagnahóps á vegum Landskerfis bókasafna,
- norrænum fundi NordlicMeeting, sem fram fór í Helsinki 26.-27. maí,
- fundi ICOLC Europe 2016, sem fram fór í Amsterdam 16. -19. október.

## 5.0 KYNNINGARSTARFSEMI OG FRÆÐSLA

Umsjónarmaður tekur þátt í margskonar kynningarstarfi og fræðslu. Á meðal verkefna á árinu var:

- kynning á Landsaðgangi á námskeiði í upplýsingafræði við Háskóla Íslands í mars.
- samstarf við Encyclopaedia Britannica um átak í því skyni að uppfæra starfsfólk leik,- grunn- og framhaldsskóla við að stilla netkerfi skólanna þannig að gagnasafnið sé skilgreint sem *trusted site* með miðlægum hætti.
- kynning á Landsaðgangi fyrir erlendum gestum Lbs-Hbs.

Upplýsingum og fréttum var miðlað til notenda á vefnum hvar.is og á póstlistanum Skrudda, um bókasafna- og upplýsingamál. Þá eru tilkynningar sendar á póstlistann [hi-starf@hi.is](mailto:hi-starf@hi.is) sem berst starfsmönnum Háskóla Íslands. Ákveðið var í lok ársins að Landsaðgangur hætti að uppfæra fésbókarsíðu og verður upplýsingum sem tengjast Landsaðgangi miðlað á fésbókarsíðu Landsbókasafns.



### Tilraunaaðgangur

Á árinu var enginn tilraunaaðgangur á landsvísu á vegum Landsaðgangs. Þó var óvenju mikil ásókn var frá erlendum útgefendum og þjónustuaðilum að bjóða upp á ýmis konar tilraunaaðgang, en efnið var þess eðlis að ekki þótti ástæða til að sækjast eftir því.

### Heimsóknir

Ingolf Kaspar og Arnaud Delivet hjá ProQuest áttu fund með Landsaðgangi 13. september. Í sömu heimsókn var haldin kynning á rafbókasafninu Ebooks Central, nýrri útgáfu af RefWorks heimildaskráningarkerfinu og Alexander Street Press, sem er streymisveita fyrir fræðslufni.

Ranveig Haraldsen hjá Ebsco átti fund með stjórnarnefnd 27. september um samstarf aðila og nýtt efni í gagnasöfnum og þar á meðal um rafbækur. Einnig var rætt um Folio, sem er samstarfsverkefni um bókasafnskerfi í opnum kóða, Ebscohost Collection Manager, sem er innkaupakerfi fyrir bækur og rafbókasöfn.

## 6.0 NOTKUN

Frá og með árinu 2012 styðjast allir birgjar Landsaðgangs við COUNTER-staðalinn við notkunartalningu, ef frá er talið Morgunblaðið og Encyclopedia Britannica sem safnar notkunartölum samkvæmt staðlinum en hefur ekki sóst eftir vottun. Hjá útgefendum og samsöfnum eru taldar sóttar greinar í fullum texta eða sóttir bókarkaflar. Web of Science er tilvísanasafn, sem geymir upplýsingar um greinar og útdrætti úr þeim, en ekki fullan texta greinanna, heldur vísar í hann. Notkun á tilvísanasafninu Web of Science er mæld í heimsóknum (sessions) og leitum (queries).

Tölur um talningar geta breyst milli ára, en oft kemur upp of- eða vantaling, sem síðar er leiðrétt.

**Tafla1.** Tímaritasöfn, fjöldi sótttra greina í fullum texta.

Tímaritasöfn	2016	2015	2014	Breytingar
Elsevier Freedom Collection	437.432	361.514	336.699	21,0%
Karger Complete	5.945	5.478	4.709	8,5%
SAGE Premier 2016 (frá 2016)	115.284	85.032	84.591	35,6%
Springer tímaritapakki	91.535	75.187	75.917	21,7%
Wiley tímaritapakki	93.443	99.098	100.573	-5,7%
<b>Samtals</b>	<b>743.639</b>	<b>626.309</b>	<b>602.489</b>	<b>18,7%</b>

**Tafla 2.** Samsöfn, fjöldi sótttra greina í fullum texta.

Samsöfn	2016	2015	2014	Breytingar
EBSCOhost Premier	90.312	113.433	116.172	-20,4 %
ProQuest Central	195.490	199.000	159.051	-1,8%
<b>Samtals</b>	<b>282.802</b>	<b>312.433</b>	<b>275.223</b>	<b>-8,5%</b>

**Tafla 3.** Gagnasöfn, fjöldi sótttra greina í fullum texta.

Gagnasöfn	2016	2015	2014	Breytingar
Britannica Online	92.065	122.236	242.664	-24,7%
Oxford Art Online*	0	0	141	-
Oxford Music Online**	0	2.349	2.923	-
<b>Samtals</b>	<b>96.065</b>	<b>124.585</b>	<b>245.728</b>	<b>-26,1%</b>

\* Áskrift að Oxford Art Online var hætt í upphafi árs 2014.

\*\*Áskrift að Oxford Music Online var hætt í upphafi árs 2016.

**Tafla 4.** Samanlagður fjöldi sótttra greina.

Heildarfjöldi sótttra greina	2016	2015	2014	Breytingar
Tímarita-, sam- og gagnasöfn	1.121.506	1.063.327	1.123.440	5,5%

**Tafla 5.** Rafbækur, fjöldi sótttra bókakafla í fullum texta.

Rafbækur	2016	2015	2014	Breytingar
Springer	49.914	70.721	26.884	-29,4%

**Tafla 6.** Samanlagður fjöldi sótttra greina og rafbókakafla

Heildarfjöldi greina og rafbókakafla	2016	2015	2014	Breytingar
Tímarita-, sam-, gagna- og rafbókasöfn	1.171.420	1.134.048	1.150.324	3,3%

**Tafla 7.** Greinasafn Morgunblaðsins með 3ja ára birtingartöf, fjöldi sótttra greina.

Gagnasafn	2016	2015	2014	Breytingar
Morgunblaðið	1.688.948	1.610.026	1.771.220	4,9%

**Tafla 8.** Samanlagður fjöldi sóttra greina og rafbókakafla allra gagnasafna

Heildar fjöldi sóttra greina og bókakafla	2016	2015	2014	Breytingar
Tímarita-, sam-, gagna- og rafbókasöfn og Morgunblaðið	<b>2.860.368</b>	2.744.074	2.021.544	<b>4,2%</b>

**Tafla 9.** Tilvísanasafn, fjöldi heimsóknna og fjöldi leita.

Tilvísanasafn	2016	2015	2014	Breytingar
Web of Science heimsóknir/sessions)	<b>83.498</b>	94.898	87.452	<b>-12,0%</b>
Web of Science (leitir/queries)	<b>51.058</b>	122.813	84.009	<b>-54,4%</b>

**Tafla 10.** Vefgáttin hvar.is.

Vefgáttin hvar.is	2016	2015	2014	Breytingar
Heimsóknir (sessions)	<b>47.224</b>	57.073	68.045	<b>-17,2%</b>
Flettingar (page impressions)	<b>83.039</b>	103.647	125.758	<b>-19,9%</b>

Umferð um hvar.is er mæld með Google Analytics með samræmdri vefmælingu líkt og aðrir vefir Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Heimsóknnum fækkaði um ríflega 17% á árinu. Flettingum (hver einstök tenging notanda við vef) fækkaði um tæplega 20%. Notendur hafa um margar leiðir að velja til að komast í tímarit og tímaritsgreinar sem eru í landsaðgangi (sjá kafla 4.0) og því er eðlilegt að notkun á hvar.is hafi dalað.

## 7.0 YFIRLIT

Fjöldi sóttra greina í tímaritasöfnum jókst að meðaltali um tæplega 19% árið 2016. Hjá Elsevier – Freedom Collection var aukningin 21%, hjá Karger var aukningin ríflega 8%, hjá SAGE um ríflega 35%, hjá Springer var aukning um tæplega 22% og notkun hjá Wiley dróst saman um tæplega 6%. Notkunartölur eru skráðar samkvæmt COUNTER staðli en notkun greina í opnum aðgangi eftir gullnu leiðinni (Golden Open Access) er ekki meðtalinn.

Heildarfjöldi sóttra greina í fullum texta í samsöfnum var að meðaltali ríflega 8% minni en á fyrra ári. Hjá EBSCOhost Premier varð ríflega 20% samdráttur á fjölda sóttra greina og hjá ProQuest Central varð tæplega 2% samdráttur.

Heildarfjöldi sóttra greina í gagnasöfnum dróst saman að meðaltali um ríflega 26%. Notkun á Encyclopædia Britannica minnkaði um tæplega 25%. Áskrift að Oxford Art Online hætti í upphafi árs 2014 og að Oxford Music Online í upphafi árs 2016.

Fjöldi sótttra bókakafli í rafbókasöfnum frá Springer minnkaði um tæplega 30%.

Heildarfjöldi greina og rafbókakafli í fullum texta jókst um ríflega 3%.

Fjöldi sótttra greina í greinasafni Morgunblaðsins jókst um tæplega 5%.

Heildarfjöldi sótttra greina og bókarkafli ásamt blaðagreinum úr Morgunblaðinu jókst um ríflega 4%.

Heimsóknum í Web of Science fækkaði um ríflega 12% og fjöldi leita fækkaði um ríflega 58%.

Fjöldi heimsókna á vefgáttina hvar.is fækkaði um ríflega 17% og flettingum fækkaði um tæplega 20%.

Nánari upplýsingar um notkun er að finna á vef Landsaðgangs - hvar.is, á undirsíðunni *Um landsaðgang* og velja svo *Notkunartölur*.

Apríl 2017,  
Birgir Björnsson  
umsjónarmaður Landsaðgangs að rafrænum áskriftum.